

Nd.

328. Nefndarálit

[120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Nefndin fékk umsagnir um málið frá Tannsmiðafélagi Íslands og Sambandi tannsmiðaverkstæðiseigenda sem mæla með samþykkt frv. Í umsögn Tannlæknafélags Íslands komu fram athugasemdir við frv. sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Jósef H. Þorgeirsson og Guðmundur G. Þórarinnsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir,
form., frsm.

Jóhann Einvarðsson,
fundaskr.

Guðrún Helgadóttir.

Pétur Sigurðsson.

Einar K. Guðfinnsson.